

Námsvísir 2021-2022

1. bekkur

Námsgrein: Íslenska / Byrjendalæsi

Kennari/kennarar: Sigrún Erla Eyjólfsdóttir og Anna Margrét Ólafsdóttir



Markmið

Að nemendur geti:

- Endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið (s.s. eftirminnilegum atburði, ákveðnu fyrirbæri, upplestur, leikið efni, ljóð eða söngva)
- Þekkt heiti allra lágstafa og hástafa og geti ritað þá.
- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa til að lesa orð og málsgreinar.
- Þekkt hljóð stafanna.
- Unnið með myndrænt efni (s.s. einföldum skýringarmyndum, söguveg, sólarkortum og venn-kortum.
- Skrifað nokkuð skýrt og læsilega
- Farið með stafrófið.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð og málsgrein.
- Greint milli sérhljóða og samhljóða.
- Búið til málsgreinar.

Kennsluaðferð / vinnulag

Kennt er eftir kennsluaðferðinni Byrjendalæsi sem er samvirk nálgun í læsiskennslu barna. Byrjendalæsi sækir innblástur til kenninga um hugsmíðahyggju og nám án aðgreiningar þar sem gert er ráð fyrir að börn læri best í samfélagi jafningja, með samvinnu, stigskiptum stuðningi og hvers konar námsaðlögun sem auðveldar kennurum að koma til móts við ólíkar þarfir þeirra og áhugasvið. Unnið er með ákveðinn gæðatexta í hverri viku. Kennari les fyrir nemendur. Unnið er með lykilorð og ákveðin markmið út frá hverjum texta. Einstaklingsvinna, Paravinna og hópavinna. Mikið unnið í hringekju og á vinnusvæðum.

Námsmat

Lögð eru fyrir lesferill í september, janúar og maí. Jafnframt er leið til læsis lögð fyrir í upphafi og tvö læsispróf yfir veturinn. Vinna og virkni í tímum metin út frá markmiðum hverrar viku.

Námsgögn

Mismunandi gæðatexti (skáldsögur, þjóðsögur, ljóð og fræðigreinar)

Lestrarlandið

Skriftarbók

Verkefna- og úrklippubók
Sögubók
Ljósrituð verkefni